

FERÐAÞJÓNUSTA Í TÖLUM

- Sumar 2022

Erlendir ferðamenn um Keflavíkurflugvöll


Brottfarir erlendra farþega sumarið 2022 (júní-ágúst)¹

	% af brottförum	Fjöldi	Breyting* frá 2021 2019	
Heildarfjöldi		653.471	115%	-4%
<i>10 stærstu þjóðernin*</i>				
Bandaríkin	31,3%	204.696	57%	9%
Þýskaland	9,6%	62.788	137%	10%
Frakkland	6,3%	40.897	186%	4%
Bretland	5,2%	34.139	147%	2%
Ítalía	5,1%	33.458	165%	54%
Pólland	4,4%	28.543	33%	0%
Danmörk	3,9%	25.181	191%	43%
Kanada	3,4%	21.959	1070%	-23%
Spánn	3,1%	20.046	190%	-17%
Holland	2,6%	16.901	248%	9%

*Samanlagt voru tíu stærstu þjóðernin 74,8% af heild.


**Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2021/'22 og 2019/'22.

Brottfarir eftir markaðssvæðum sumarið 2022 (júní-ágúst)¹




Erlendir ferðamenn að sumri (júní-ágúst) á 10 ára tímabili

Fjöldi brottfara ('000) erlendra farþega að sumri¹



Brottfarir 5 stærstu þjóðerna (2022) – þróun á 10 ára tímabili¹



Tilgangur Íslandsferðar og dvalarlengd ferðamanna

Megintilgangur sumarið 2022²

	Fjöldi*	% af brottförum
Frí	610.342	93,4%
Heimsókn til vina/ættingja	18.297	2,8%
Viðskiptatengt	14.376	2,2%
Heilsutengt, nám o.fl.	4.574	0,7%
Tímabundin vinna	1.960	0,3%
Stutt dvöl (ekki gist)	3.921	0,6%

*Fjöldatölur eru uppreiknaðar út frá talningum á Keflavíkurflugvelli.


Dvalarlengd sumarið 2022²

	Meðalfjöldi gistingu	Breyting* frá 2021 2019	
Meðaldvalarlengd	8,6	-5,5%	10,3%
Bandaríkin	7,1	-12,4%	20,3%
Þýskaland	11,3	2,7%	8,7%
Frakkland	10,5	4,0%	1,0%
Bretland	7,4	-5,1%	8,8%
Ítalía	9,3	-14,7%	2,2%
Pólland	11,3	36,1%	37,8%
Danmörk	8,1	-18,2%	12,5%
Kanada	7,4	-21,3%	8,8%
Spánn	9,7	-11,8%	1,0%
Holland	9,7	-12,6%	-1,0%


*Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2021/'22 og 2019/'22.

Heimsóknir erlendra ferðamanna eftir landshlutum

Hvaða landshluta heimsóttu ferðamenn sumarið 2022²



Í hvaða landshluta gistu ferðamenn sumarið 2022²



Hótelgistinætur að sumri

Gistinætur á hótélum júní-ágúst 2022*³

	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá 2021 2019	
Gistinætur alls		1.688.207	68%	16%
Íslendingar	17,8%	301.036	-8%	159%
Útlendingar	82,8%	1.387.171	103%	4%
-Bandaríkin	27,5%	463.494	54%	9%
-Þýskaland	11,0%	185.876	132%	21%
-Bretland	6,6%	111.75	156%	23%
-Frakkland	4,4%	75.010	121%	15%
-Ítalía	4,0%	67.175	109%	49%

Framboð á hótélherbergjum og nýting að sumri

Fjöldi herbergja á hótélum júní-ágúst 2022*³


	Landið allt		Höfuðborgarsvæðið	
	Fjöldi 2022	Breyting frá 2021 2019	Fjöldi 2022	Breyting frá 2021 2019
Júní	11.530	96% 9%	5.400	84% 6%
Júlí	11.591	27% 10%	5.424	34% 13%
Ágúst	11.596	17% 7%	5.424	19% 6%

Herbergjanýting á hótélum júní-ágúst 2022*³


	Landið allt		Höfuðborgarsvæðið	
	Nýting 2022	Breyting frá 2021 2019	Nýting 2022	Breyting frá 2021 2019
Júní	78,5%	30% 5%	82,4%	65% 4%
Júlí	88,5%	19% 5%	90,7%	36% 4%
Ágúst	88,6%	14% 4%	90,3%	24% 1%

Herbergjanýting eftir landshlutum 2022**³


Júní



Júlí



Ágúst



*Samanburður tekur mið af tímabilinu júní-ágúst 2020/'22 og 2019/'22.


** Innan sviga má sjá breytingu frá fyrra ári (2021).

Skráðar gistinætur að sumri

Skráðar gistinætur júní-ágúst 2022*³


	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá 2021 2019	
Gistinætur alls		4.148.409	54%	18%
Hótel	40,7%	1.688.207	68%	16%
Gistiheimili	15,7%	653.283	59%	15%
Önnur gisting	43,6%	1.806.919	42%	21%

Gistinætur ('000) í skráðri gistingu 2019-2022³



Gistinætur í skráðri gistingu á tíu ára tímabili

Gistinætur ('000) Íslendinga og útlendinga í skráðri gistingu 2013-2022³



Heimildir

¹Ferðamálastofa og Isavia: Brottfarartalningar á Keflavíkurflugvelli 2019-2022. Um er að ræða talningu, byggða á úrtaksaðferð, á farþegum á leið úr landi áður en komið er inn á brottfararsvæði og ber að skoða tölurnar með þeim fyrirvörum sem aðferðafræðin felur í sér.

²Ferðamálastofa: Landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands á Keflavíkurflugvelli 2019-2022.

³Hagstofa Íslands: Gistinóttatalningar 2019-2022. Um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir 2022. Með skráðum gistinóttum er átt við gistinætur hjá rekstraraðilum sem eru skráðir í gistináttagrunni Hagstofunnar.

Ferðapjónusta í tölum, sumar 2022 - samantekt

Í samantektinni Ferðapjónusta í tölum – sumar 2022 má sjá samantekt um brottfarartalningar erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurlflugvöll, gistinætur á skráðum gististöðum, framboð og nýtingu á hótélum og nokkrar niðurstöður er varða dvöl ferðamanna á Íslandi s.s. um tilgang ferðar, dvalarlengd, heimsóknir eftir landshlutum sem og upplifun af Íslandsferð.

Um 653 þúsund erlendir ferðamenn í sumar

Um 653 þúsund erlendir ferðamenn* komu til landsins um Keflavíkurlflugvöll síðastliðið sumar (2022), ríflega tvisvar sinnum fleiri en í fyrrasumar (2021). Fjöldinn í sumar var um 96% af því sem hann var sumarið 2019 og um 81% af því sem hann var sumarið 2018 sem var metsumar hvað varðar fjölda ferðamanna.

Bandaríkjamenn voru langfjölmennastir, 205 þúsund talsins eða tæplega þriðjungur heildarfjölda. Um er ræða þriðja sumarið frá því talningar hófust sem fjöldi Bandaríkjamanna fer yfir 200 þúsund en þeir mældust um 293 þúsund sumarið 2018 og 227 þúsund sumarið 2017. Þjóðverjar voru í öðru sæti í sumar, tæplega 63 þúsund talsins eða um 36 þúsund fleiri en í fyrrasumar (2021) og tæplega 6 þúsund fleiri en sumarið 2019. Í þriðja til fimmta sæti voru Frakkar, Bretar og Ítalir. Ítalir hafa einungis einu sinni áður komist á lista yfir fimm fjölmennustu þjóðernin að sumarlagi eða sumarið 2020 en þá voru þeir í fjórða sæti.

Langflestir eða ríflega níu af hverjum tíu ferðamönnum voru í fríi á Íslandi í sumar. Um 2,8% voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum og um 2,2% í viðskiptatengdum tilgangi. Um 1,6% voru í annars konar tilgangi.

Meðalfjöldi gistinotta 8,6 nætur

Ferðamenn dvöldu að jafnaði 8,6 nætur á ferðalögum um Ísland í sumar, hálfri nótt skemur en í fyrrasumar (2021). Þegar horft er hins vegar til dvalarlengdar sumrin 2019 og 2018 má sjá ívið styttri dvalarlengd en ferðamenn dvöldu að jafnaði 7,8 gistinætur sumarið 2019 og 7,5 sumarið 2018. Áhrifa Covid-19 faraldursins virðist því enn gæta en dvalarlengd erlendra ferðamanna á Íslandi lengdist til muna á tímum faraldursins.

Bandaríkjamenn sem vega þyngst vegna hárrar hlutdeildar, dvöldu að jafnaði 7,1 nótt sumarið 2022. Af tíu fjölmennustu þjóðernunum voru Þjóðverjar, Pólverjar og Frakkar með lengstu dvalarlengdina eða á bilinu 10,5 til 11,3 nætur. Þar á eftir koma Spánverjar, Hollendingar og Ítalir með dvalarlengd á bilinu 9,3 til 9,7 nætur.

Gistinætur erlendra ferðamanna á hótélum orðnar fleiri en fyrir faraldur

Gistinætur á hótélum voru tæplega 1,7 milljón talsins síðastliðið sumar (2022), 680 þúsund fleiri en þær voru sumarið 2021 og 237 þúsund fleiri en 2019, sumarið áður en heimsfaraldur Covid-19 skall á.

Um átta af hverjum tíu gistinóttum voru tilkomnar vegna erlendra ferðamanna en þær voru um tvöfalt fleiri en í fyrrasumar (2021). Jafnframt mældust þær 4% fleiri en sumarið 2019 sem sýnir að lengri dvalarlengd hefur vegið upp á móti færri ferðamönnum.

Nýting herbergja á hótélum 89% í júlí og ágúst

Sumarið 2022 voru í boði um 11.600 herbergi á landinu öllu þegar mest var, þar af var tæplega helmingur (46,8%) á höfuðborgarsvæðinu. Framboðið á herbergjum var 17% meira en árið 2021 og 7% meira en árið 2019.

Herbergjanýting á landsvísu var tæplega 80% í júní og 89% í júlí og ágúst. Nýtingin fór yfir 90% í þremur landshlutum í júlí og ágúst eða á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Austurlandi. Í öðrum landshlutum var hún á bilinu 79-84%. Í júní var nýtingin á bilinu 69-82% en best var hún á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi.

Gistinætur erlendra ferðamanna aldrei mælst svo margar að sumri til á skráðum gististöðum

Ríflega fjórar milljónir gistinætur mældust á skráðum gististöðum síðastliðið sumar (2022), þar af voru um átta af hverjum tíu gistinóttum tilkomnar vegna erlendra ferðamanna. Um tveimur af hverjum fimm gistinóttum var eytt á hótélum, um 16% á gistiheimilum og ríflega tveimur af hverjum fimm í annars konar gistingu.

Gistinætur á skráðum gististöðum í sumar voru um 54% fleiri en í fyrrasumar (2021) og tæplega fimmtungi fleiri en sumarið 2019. Aukninguna má að miklu leyti rekja til fjölgunar gistinotta erlendra ferðamanna en gistinætur þeirra hafa aldrei mælst svo margar að sumri til og í ár eða tæplega 3,4 milljónir talsins. Gistinætur Íslendinga drógust saman um þriðjung milli ára 2021 til 2022. Met var slegið sumarið 2021 en þá eyddu landsmenn tæplega 1,2 milljónum gistinotta á ferðalögum um landið og hið sama má segja um sumarið 2020 enda Íslendingar einstaklega duglegir að ferðast innanlands á tímum faraldursins.

* Fjöldatölur taka mið af brottfarartalningum Ferðamálastofu og Isavia á Keflavíkurlflugvelli og ber að skoða tölurnar með þeim [fyrirvörum](#) sem aðferðafræðin felur í sér.